

Mænuskaði

Hjálpartæki

Fólk, sem lamast vegna mænuskaða, þarf margt að nota hjálpartæki við daglegar athafnir og til að komast um. Dæmi um hjálpartæki geta verið hjólastóll eða tæki til að komast í bað eða á salerni.

Iðjupjálfar og sjúkrapjálfarar aðstoða við að meta þörf fyrir hjálpartæki, útvega þau, stilla hjálpartækin og kenna notkun þeirra. Velja þarf það hjálpartæki sem nýtist hverjum og einum best.

Úthlutun hjálpartækja

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) úthluta hjálpartækjum samkvæmt reglugerð um styrki vegna hjálpartækja nr. 760/2021.

Nánari upplýsingar um hjálpartæki eru á vef [SÍ](#).

Samkvæmt SÍ er hjálpartæki ætlað að vera til lengri notkunar en þriggja mánaða og:

- Auðvelda notendum að takast á við athafnir daglegs lífs.
- Auka sjálfbjargargetu og öryggi.
- Vera til þjálfunar og meðferðar í skilgreindum tilvikum.

SÍ flokkar hjálpartæki í þrjá meginflokka, það er:

- Tæknileg hjálpartæki: Hjólastólar, gönguhjálpartæki, standgrindur, stoðir, hjálpartæki í bíla og fleira.
- Stoð- og meðferðarhjálpertæki: Spelkur, þrýstingssokkar, öndunarhjálpertæki og fleira.
- Einnota hjálpartæki: Bleiur, þvagleggir og fleira.

Skil á hjálpartækjum

Hjálpartækjum í eigu Sjúkratrygginga, sem eru endurnýtanleg, þarf að skila eftir notkun. Móttaka þeirra er á Vínlandsleið 16 og Vínlandsleið 6-8 í Reykjavík. Fólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins getur komið tækjunum til Flytjanda sem fer með tækin til Sjúkratrygginga þeim að kostnaðarlausu.

Nauðsynlegt er að upplýsingar fylgi með um kennitölu þess sem var með tækið svo að hægt sé að skrá að því hafi verið skilað.

Viðgerðarþjónusta

Seljendur sjá um viðgerðir á biluðum hjálpartækjum á höfuðborgarsvæðinu.

Sjúkratryggingar gefa upplýsingar um [viðgerðarþjónustu hjálpartækja](#).

Símanúmer Sjúkratrygginga Íslands: 515 0000